


Egil Jacobsen: Nashyrningur, 1944-45.



Pierre Alechinsky: Norðrið, 1960-61.

EVRÓPSK ABSTRAKTLIST

Að rækta ímyndunaraflið

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum merkileg sýning úr einkasafni Riis í Osló á svonefndu formleysismálverki frá 6. áratugnum í Evrópu. Þar á meðal er Cobra-hópurinn, sem Svavar Guðnason tengdist og því eru verk eftir hann sýnd sérstaklega og er fróðlegt að bera saman, því Svavar var byrjaður á þessari myndgerð talsvert löngu á undan hinum.

Eftir GUNNAR B. KVARAN

Að þessu sinni eru það verk eftir stórstjörnur frá 6. áratugnum sem prýða veggi vestursalar Kjarvalsstaða, en þar stendur nú yfir sýning á evrópsku formleysismálverki. Þar gefur að líta hvernig L'Art Informel birtist í Evrópu eftir stríð með ólíkum áherslum eftirfarandi listamanna: Pierre Alexhinsky, Karel Appel, Roger Bissiere, Corneille, Olivier Debré, Lucio Fontana, Sam Francis, Egill Jacobsen, Asger Jorn, Per Kirkeby, André Landskoy, Jean Messagier, Serge Poliakoff, Antonio Saura, Marie Helene Vieira Da Silva, Francisco Toledo og Jacob Weidemann.

Á síðastliðnu ári samþykkti menningarmálanefnd Reykjavíkur að efna til sýningar á evrópskri abstraktlist. Þegar farið var að undirbúa þessa sýningu var okkur bent á þann möguleika að setja saman sýningu á evrópskri abstraktlist úr einkasafni Riis sem varðveitt er í Sonie Heine-Niels Onstad-safninu í Osló. Við nánari skoðun kom í ljós að þetta safn reyndist hinn mesti fjársjóður. Það nægði greinilega í fjölda sýninga á ólíkum myndgerðum. Við ákváðum þó að einbeita okkur að formleysismálverki eftirstríðsáranna, en Riis-safnið er sérstaklega sterkt hvað varðar þá myndgerð. Á þessari sýningu eru sýnd verk eftir 17 listamenn frá ólíkum menningarsvæðum í Evrópu, en meginhersla er þó lögð á verk eftir þá listamenn sem tengdust Cobrahópnum sem fram kom í lok 5. áratugarins.

Í forsal Kjarvalsstaða höfum við ennfremur komið fyrir málverkum eftir Svavar Guðnason í eigu Reykjavíkurborgar, en Svavar var á sínum tíma einn af merkari brautryðjendum þessarar myndgerðar í Norður-Evrópu. Hann var náinn vinur og samstarfsmaður þeirra dönsku listamanna sem síðar tóku þátt í formlegu ævintýri Cobra-hópsins. Verk Svavars eru máluð á árunum 1942 til um 1960 og



Asger Jorn: Gulur himinn, 1961.